



Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC

Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2014

Helstu atriði í ársskýrslu framkvæmdastjóra

Í þessari samantekt koma fram valin verkefni frá árinu 2014 en það er alls ekki tæmandi listi yfir vinnu og áfanga ECDC á árinu.

Nákvæmt yfirlit yfir starfsemi, skipulag og verkefnaáætlun ECDC má finna í fullri útgáfu ársskýrslunnar.

Tillaga að tilvísun:

Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2014 - Helstu atriði í ársskýslu framkvæmastjóra Stokkhólmur: ECDC; 2015.

Stokkhólmi, ágúst 2015

ISBN 978-92-9193-741-7

doi 10.2900/27661

Flokkunarnúmer TQ-01-15-379-IS-N

© Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC, 2015

Allar myndir © ECDC, nema Cesar Harada (CC BY-NC-SA 2.0), bls. 15

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Ljósmyndir sem notaðar eru í þessu riti undir höfundarrétti má ekki nota í öðrum tilgangi en á við fyrir þetta rit án fyrirfram gefins leyfis höfundarréttarhafa.

Árangur, áskoranir og stórir áfangar árið 2014

Helstu atriði í ársskýrslu framkvæmdastjóra

Efnisyfirlit

Formáli stjórnarformanns.....	2
Inngangur framkvæmdastjóra	2
ECDC og hlutverk stofnunarinnar í lýðheilsu	3
Lýðheilsa er okkar mál	3
2014 – Farið yfir árið.....	5
Aðstoð vegna viðbúnaðar.....	6
Ebóla og áhrif hennar á ESB.....	9
EPIET og EUPHEM: Aukinn kraftur í faraldsfræði innan Evrópu	10
Breyttar aðstæður í örverufræði innan lýðheilsu	11
Dagur vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu	15
Mislingar: Átak að útrýmingu	17
Mikilvægi samskipta	18
ECDC í stuttu máli.....	20



Formáli stjórnarformanns

Síðasta árs verður minnst sem árs áskorana fyrir ECDC. Ebólufaraldurinn í Vestur-Afríku sem kom upp árið 2014 varð fljótlega að alþjóðlegu áhyggjuefni – og mikilli áskorun fyrir ECDC. Sem stjórnarformaður ECDC er ég stolt yfir því mikilvæga hlutverki sem miðstöðin okkar hefur gegnt gagnvart ESB og alþjóðlegu viðbragði við ebólufaraldrinum.

Ef tekið er tillit til þeirra áskorana sem stofnunin hefur glímt við er ótrúlegt að miðstöðin hafi þrátt fyrir allt náð að skila nær 85% áætluðum afköstum. Jafnvel við óvænt álag hefur ECDC náð að viðhalda mjög miklu gæðastigi í vinnu sinni.

Mikilvægasta og áreiðanlegasta staðfestingin sem stjórnin fékk hvað varðar aukið vægi og gagnsemi ECDC var lokaskýrsla annars óháðs utanaðkomandi aðila á stofnuninni. Samkvæmt matsskýrslunni hefur ECDC mikla getu til að bregðast skjótt við heilbrigðisögnum og vinna í hættuástandi. Skýrslan staðfestir einnig að miðstöðin skilar miklum gæðum á öllum sviðum, að hún hafi vísindalegan trúverðugleika og að ECDC sé almennt uppspretta virðisaukandi þátta á sviði ESB. Þessi niðurstaða styrkir mína eigin sannfæringu um að ECDC hafi fest sig í sessi sem miðpunkturinn í traustu neti sem tengir saman helstu sérfræðinga í smitsjúkdómum og rannsóknarstofur í lýðheilsu um alla Evrópu. Miðstöðin hefur endurtekið sannað gildi sitt, nú síðast og hvað sýnilegast sem meginstöð innan Evrópu í viðbrögðum við ebólu.

Dr. Françoise Weber
stjórnformaður
22. febrúar 2015



Inngangur framkvæmdastjóra

Stuðningur við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin í innleiðingu ákvörðunar 1082/2013¹ er forgangsverkefni SMAP-verkefnisins 2014-2020 (Strategic Multi-annual Programme). Þess vegna höfum við aðlagð snemmviðvörðun- og viðbragðskerfi Evrópusambandsins (EWRS) til að auka umfang þeirra heilbrigðisögna sem hægt er að tilkynna innan EWRS. Á svipaðan hátt er styrking viðbúnaðaraðstoðar hjá ECDC á árinu 2014 eitthvað sem lofað er í SMAP, sem og frekari stuðningur við samstarfsaðila okkar við innleiðingu ákvörðunar 1082/2013.

SMAP og neyðaráætlun ECDC vegna lýðheilsu (PHE, Public Health Emergency) tryggðu að við gátum aðstoðað við viðbrögð ebólu á ESB-svæðinu. Við virkjuðum viðeigandi sérfræðinga og sérfræðingar okkar í sýkingavörnum veittu nauðsynlega þekkingu um hreinlætisráðstafanir gagnvart ebólu. Viðbúnaðarteymi okkar kannaði viðbúnað aðildarríkjanna gagnvart ebólutilfellum og þjálfunarteymi okkar í lýðheilsu þróaði námskeið í öruggri notkun hlífðarbúnaðar. Viðbúnaðurinn vegna ebólu var átak liðsheildarinnar og sýndi ECDC í sínu besta ljósi: samhentur hópur sem er sveigjanlegur, þjónustusækin og sem einsetur sér að skara framúr á sviði vísinda.

Þó svo að ebóla sé ekki lengur lýðheilsuatburður hjá ECDC hefur enn ekki verið náð fullri stjórn á faraldrinum í Vestur-Afríku. ECDC er með fimm teymi að störfum í Gíneu og ætla sér að vera á staðnum þar til mitt ár 2015 að minnsta kosti.

Dr Marc Sprenger
framkvæmdastjóri ECDC
2. mars 2015

¹ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilbrigðisógnir sem ná yfir landamæri og niðurfelling á ákvörðun nr. 2119/98/ESB



Höfuðstöðvar ECDC í Tomtebodan

ECDC og hlutverk stofnunarinnar í lýðheilsu

Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC) var stofnuð árið 2005 og hefur aðsetur í Stokkhólmi í Svíþjóð. Hún er starfar á vegum Evrópusambandsins og hefur það hlutverk að styrkja varnir gegn smitsjúkdómum innan Evrópu. ECDC greinir, metur og veitir upplýsingar um núverandi og aðstæðjandi ógnir við heilbrigði manna vegna smitsjúkdóma og styður aðildarríki Evrópusambandsins í viðbúnaði og viðbrögðum gegn þeim. Miðstöðin veitir aðildarríkjum ESB og EES vísindalega ráðgjöf og er traust upplýsingaveita á öllum sviðum er varða lýðheilsu.

Árið 2014 voru grunnfjárlög ECDC 60,4 milljónir evra.

Frá 31. desember 2014 voru 277 fastir starfsmenn hjá ECDC sem sinntu sjúkdómaeftirliti, greiningu á uppkomu, vísindaráðgjöf, upplýsingatækni, samskiptum og stjórnun.

Lýðheilsa er okkar mál

Einn af meginstyrkleikum ECDC er getan til að bregðast skjótt við breyttri faraldsfræði smitsjúkdóma. ECDC starfrækir og viðheldur þremur kerfum sem hvert er nauðsynlegt tilteknu sviði sjúkdómsvarna: EWRS (tilkynningar um ógnir), EPIS (faraldursgreining) og TESSy (sjúkdómaeftirlit).

Snemmvíðvörðun og viðbragðskerfi Evrópusambandsins (EWRS) er kerfi sem gerir aðildarríkjum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að miðla upplýsingum og senda viðvaranir um heilbrigðisatburði sem kunna að hafa áhrif innan ESB og samstillta nauðsynleg viðbrögð til að vernda heilbrigði almennings. Kerfið hefur verið notað farsællaga við uppkomu SARS, A(H1N1) og nú síðast Ebólu.



Vytenis Andriukaitis (yfirmaður heilbrigðis og fæðuöryggis) og Marc Sprenger (framkvæmdastjóri ECDC) funda með Denis Coulombier (yfirmanni eftirlits- og viðbragðsþjónustu hjá, ECDC) í neyðaraðgerðamiðstöðinni

EPIS upplýsingakerfi um sjúkdómafaraldur (Epidemic Intelligence Information System) er öruggur samskiptavettvangur fyrir innri samskipti um faraldursupplýsingar sem kunna að vera merki um uppkomu smitsjúkdóma.

Evrópska eftirlitskerfið TESSy er sérlega sveigjanlegt gagnagrunnskerfi fyrir söfnun sjúkdómsupplýsinga. 31 ESB/EES land sendir inn upplýsingar um smitsjúkdóma í kerfið.

ECDC styður einnig vinnu framkvæmdastjórnar Evrópubandsins og aðildarríkjanna innan heilbrigðisöryggisnefndar ESB til að tryggja stöðugt upplýsingaflæði um nýjust þróun og tryggja samræmingu mælikvarða fyrir lýðheilsu.

2014

Farið yfir árið

Í þessari samantekt koma fram valin verkefni frá árinu 2014 en það er alls ekki tæmandi listi yfir vinnu og áfanga ECDC á árinu. Nákvæmt yfirlit yfir starfsemi, skipulag og verkefnaáætlun ECDC má finna í fullri útgáfu ársskýrslunnar¹.

¹ Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC. Ársskýrsla framkvæmdastjóra - 2014. Stokkhólmur: ECDC; 2015.



Neyðaraðgerðamiðstöð ECDC: Neyðaráætlun miðstöðvarinnar fyrir lýðheilsu gerir miðstöðinni kleift að kalla með skjótum hætti út starfslíð til að styðja við viðbrögð ESB við alvarlegum heilbrigðisógnum sem ná yfir landamæri

Viðbúnaður

Viðbúnaðaráætlun er mikilvæg til að bregðast með árangursríkum hætti við uppkomu sjúkdóma og farsóttum, þótt aðferðir kunni að vera mismunandi á milli landa.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkin, í gegnum heilbrigðisöryggisnefnd ESB, hafa þess vegna skuldbundið sig til að bæta viðbúnað enn frekar. Bættur viðbúnaður, ásamt því að samhfæfa viðbúnaðaráætlanir á milli landa og sviða – eins og krafist ef í grein 4 í ákvörðun nr. 1082/2013/EB um alvarlegar heilbrigðisógnir yfir landamæri – setur fram metnaðarfulla áætlun fyrir alla aðila. ECDC mun veita tæknilega aðstoð í öllu ferlinu.

Allt frá stofnun ECDC fyrir áratug hefur gerð viðbúnaðaráætlana verið forgangsverkefni. Tvær meginstöðir í viðbúnaði eru neyðaraðgerðamiðstöðin (Emergency Operations Centre, EOC) og *snemmvíðvörðunar- og viðbragðskerfið* (Early Warning and Response System on Public Health Threats, EWRS).

2014 var fyrsta innleiðingarár ákvörðunar 1082/2013/ESB um alvarlegar heilbrigðisógnir sem ná yfir landamæri. ECDC veitir framkvæmdastjórninni tæknilega aðstoð um margvísleg verkefni sem tengjast innleiðingu á grein 4 í ákvörðuninni, sér í lagi þróun á spurningalista fyrir aðildarríkin um viðbúnað og undirbúningsvinnu við aðferðarfræði, vísa og verkfæri til að meta viðbúnað.



Úr leiðbeiningum ECDC um örugga notkun persónuhlífa við meðhöndlun smitsjúkdóma: öndurnargríma fjarlægð örugglega

Í ágúst það ár færðist áherslan á ebólu og hvort aðildarríki ESB væru tilbúin til að bregðast við mögulegum ebólutilfellum. ECDC var kallað til til að aðstoða framkvæmdastjórnina við þróun á spurningalista um þetta efni. Í fyrstu var áherslan í þessari vinnu á að meta heildaráhættu fyrir ESB í röð ítarlegra áhættumata, og samtímis fjalla um sértæk vandamál, s.s. ferli fyrir brottflutning þegna innan ESB sem komast í snertingu við ebólu. Seinna færðist áherslan yfir á aðgengi að einangrunarplássum fyrir ebólusjúklinga og námskeið um örugga notkun á hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir ebólutilfellum.

Í mars stóð ECDC fyrir hermiæfingu sem byggðist á endurskoðaðri og uppfærðri neyðaráætlun fyrir lýðheilsu – til að reyna getu sína til að bregðast við hættuástandi sem upp kemur um helgi. Í september tóku sérfræðingar frá miðstöðinni þátt í æfingu sem framkvæmdastjórnin stýrði til að prófa samstarf

gegn efnaógnum innan ESB. Í október fór fram fyrsti fundur landsmiðstöðva ECDC fyrir viðbúnað til að skilja þau bil og þarfir á landsvísu og um Evrópu og samræmingarhópur var valinn til að aðstoða miðstöðina í vinnu sinni. Auk þess gerði ECDC fjölda rannsókna og yfirferð á fræðigreinum um viðbúnað við heilbrigðisógnum¹ og gaf út handbók um hvernig á að skipuleggja hermiæfingar í lýðheilsu innan ESB².

1 Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC. Gerð viðbúnaðaráætlunar gegn öndurfæraveirum í aðildarríkjum ESB – þrjár rannsóknir um viðbúnað gegn MERS innan ESB. Stokkhólmur: ECDC; 2015.

2 Sóttvarnastofnun Evrópu, ECDC. Handbók um hermiæfingar í lýðheilsugeiranum í ESB – Hvernig þróa skal hermiæfingar innan ramma lýðheilsu við sem viðbragð við smitsjúkdómum. Stokkhólmur: ECDC; 2014.

Ebola: reducing the risk of transmission

As long as the epidemic of Ebola virus disease is continuing and expanding in West Africa, the risk of importation of contagious cases to European and other countries increases. The risk of further transmission in Europe is extremely low, but cannot be excluded. To minimise this risk, public health efforts in the EU focus on early case detection and isolation.



Exit screening

Passengers departing from affected countries have their temperature checked to prevent a contagious case from boarding a plane.



Information to travellers

At the point of entry, travellers coming from affected areas are informed about the disease and advised to seek medical care if they experience symptoms.

Days from arrival
1-2-3

Travelling from affected areas

An infected person not experiencing symptoms is not contagious and therefore does not pose a risk to other travellers.

Medical evacuation

Patients are safely isolated during medical evacuation and do not pose a risk to others.

● Person at risk

● Person not at risk

● Infected, asymptomatic person (not infectious)

● Infectious sick person

○ Contact tracing

○ Isolation

--- Movement

From first symptoms to detection

The incubation period ranges from 2 to 21 days. As soon as symptoms appear, people become infectious and can spread the virus to others. People can only get infected if they come in contact with contaminated blood or bodily fluids. Healthcare workers and close contacts are therefore at higher risk of getting infected. Identifying infectious sick persons as soon as possible ensures that the chain of transmission is stopped.



Putting medical staff on alert

Frontline medical staff asks patients about recent travel. Patients with a compatible travel history and Ebola-like symptoms are immediately isolated.

Contact tracing

Identifying and following-up those who had contact with an ill person is essential to prevent the spread of the disease.

Healthcare facilities

Infected patients are isolated under vigorous infection control measures.



Alice Friaux, fjaraldsfræðingur hjá ECDC, kennir námskeið um viðbúnað við ebólu í Gíneu



Þátttakendur sem luku viðbúnaðarnámskeiði safnast saman fyrir utan skólabygginguna

Ebóla og áhrif hennar á ESB

Tilkynnt var um fyrsta tilvik ebólufaraldursins í Vestur-Afríku þann 22. mars 2014 þar sem tilkynningar um 49 tilvik bárust í fyrstu. Í lok ársins tilkynnti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að 7.890 manns hefðu lútið í lægra haldi fyrir sjúkdómnum og um meira en 20.000 sennileg, staðfest og möguleg tilvik á svæðinu¹.

Þrátt fyrir að mun takmarkaðri uppkomur sjúkdómsins hafi orðið áður voru vísindagögn um ebólu mjög takmörkuð. ECDC byggði skjótt upp vísibendingagrunn sem myndi svara helstu spurningum um stjórnun sýkinga, brottflutninga smitaðra með flugi, rétta notkun hlífðarbúnaðar og skimun við landamæri. Þessi atriði voru ekki aðeins mjög mikilvæg í Vestur-Afríku, heldur einnig í Evrópu, þangað sem fyrstu heilbrigðisstarfsmennirnir sem sýktust af ebólu voru fluttir.

Þar var erfitt að halda utan um raunverulegan fjölda ebólutilfella í Vestur-Afríku og í hlutaðeigandi löndum kom upp fjöldi áskorana við gagnasöfnun. ECDC valdi að fara aðra leið og lagði áherslu á vísindalega ráðgjöf sem hafði bein áhrif á lýðheilsu innan Evrópu. Þegar ebólufaraldurinn geisaði gaf ECDC út fjölda skjala sem setti í ebólu í evrópskt samhengi. Til dæmis kannaði miðstöðin reglulega viðbúnað aðildarríkjanna til að bregðast við ebólutilfellum, þróaði skilgreiningu á ebóluveiki til notkunar í aðildarríkjunum og gerði mat á hættu á flutningi ebólu með blóðgjöf. Þar að auki gaf ECDC út skýrslur um skimun við landamæri, brottflutning með flugi, lýðheilsustjórnun á fólki sem hafði komist í snertingu við ebólu í ESB og lýðheilsustjórnun á heilbrigðisstarfsfólki sem sneri aftur frá svæðum þar sem ebóla herjaði.

ECDC, ásamt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og GOARN (Global Outbreak Alert and Response Network) hefur sent út teymi sérfræðinga á heilbrigðisviði til Gíneu og skuldbundið sig til að senda sérfræðinga til hlutaðeigandi landa þar til í júní 2015.

¹ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. Gögn og tölfraðilegar upplýsingar um ebólu. [Internetið]. 2014 [vísa til 26. feb. 2015]. Tiltækt hjá: <http://apps.who.int/gho/data/view ebola-sitretebola-summary-20141231?lang=en>



Dr Zoltán Kis, lyfjafræðingur sem sérhæfir sig í alþjóðalýðheilsu, segir frá starfi sínu í Guéckédou Gíneu. Zoltán skráði sig í EUPHEM innan aðildarríkis og þjálfaði aðila í EMLab fyrir skjót viðbrögð í flóknum neyðaraðstæðum.

EPIET og EUPHEM: Aukinn kraftur í faraldsfræði innan Evrópu

EPIET (European Programme for Intervention Epidemiology Training) var sett á fót tíu árum á undan ECDC og fellur nú að öllu leyti innan starfsemi ECDC. EPIET og samstarfáætlunin EUPHEM, sem leggur áherslu á þjálfun í örverufræðum, eru fjármagnaðar af ECDC. Hins vegar eru laun greidd af styrkjum ECDC (ESB-styrkþegar) eða af þjálfunarstofnunum sem taka þátt í verkefninu (styrkþegar í aðildarríkjum).

Í tveggja ára námi EPIET/EUPHEM er rík áhersla lögð á verkefni heilbrigðisstofnana um alla Evrópu þar sem styrkþegar taka fullan þátt í daglegum störfum í heilbrigðismálum.

Inngangsnámskeiðið og síðari námseiningar innihalda þá grunnþætti sem eru nauðsynlegir til að öðlast færni með starfsþjálfun.

Árið 2014 hlutu 38 styrkþegar inngöngu og 31 útskrifuðust úr náminu. Við lok árs 2014 voru 77 þátttakendur skráðir í EPIET/EUPHEM-námið.

EPIET hefur alltaf verið meira en bara þjálfunaráætlun fyrir verðandi farsóttarlækna. Þátttakendur styðja við viðbrögð aðildarríkja við faröldum með því að veita aðstoð á vettvangi og taka þátt í alþjóðlegum hjálparaðgerðum. Árið 2014 störfuðu ellefu EPIET-styrkþegar á vettvangi í Vestur-Afríku þar sem þeir tóku þátt í alþjóðlegri hjálparstarfsemi vegna ebólaveirunnar.



Undirbúningur fyrir fund með landsmiðstöðvum ECDC um örverufræði: Karl Ekdahl (sviðsstjóri, Public Health Capacity and Communication), Kathryn Edwards (sérfræðingur í stefnumótun), Amanda Ozin-Hofsjäss (sérfræðingur á sviði örverufræða) og Marc Struelens (yfirmaður á sviði örverufræða)

Breyttar aðstæður í örverufræði innan lýðheilsu


Ný mörk hafa fundist fyrir meinvirkni og þol gegn lyfjum vegna þeirrar umbyltingar sem greining á heildargenamengi hefur valdið á örverugreiningum og flokkunaraðferðum. Á sama tíma eru skjótvirk tæki til örveru- og ónæmisskimunar að komast inn á markað fyrir nærrannsóknir. Í báðum tilfellum er tæknin að þróast hraðar en stefnumótun í flestum aðildarríkjum. Í því augnamiði að draga úr þessu misræmi var lagt mat á nákvæmni og gagnsemi þessarar nýju tækni fyrir lýðheilsu í áætlun ECDC um lýðheilsu og örverufræði. Fyrsta afleiðing þessa mats var að ECDC og samstarfsaðilar samþykktu vegvísi um þrepskipta og hagkvæma upptöku sameindaflokkunartækni og samnýtingu sameindagagna innan ramma sjúkdómaeftirlits ESB.



Raðgreinar á heildargenamengi geta greint allt frá genamengjum örvera til genamengja flókinna lífvera. DNA-raðgreiningarvélars eins og þær hjá BGI Hong Kong geta komið í stað 50 véla af fyrri kynslóð og heilla herbergja að búnaði fyrir mögnun kólígerla (klónun og vélrænni tínslu þyrpinga).

How safe is your food?

Common food-borne diseases in the European Union in 2013





Ennþá ómissandi: hefðbundinn greiningarbúnaður á rannsóknarstofu í Smittskyddsinstitutet í Svíþjóð (stofnun smitsjúkdómavarna í Svíþjóð)

Reynslutímabil sameindaeftirlits innan ESB, sem tók til þriggja matarborinna sýkla (*salmonella*, *listería* og *VTEC*) fékk jákvæða umsögn árið 2014. Samnýting sameindagagna er nú hluti af reglubundnu eftirliti með þessum sýklum í ESB og undirbúningur er hafinn að því að víkka út eftirlitið svo það taki einnig til annarra sýkla, svo sem *heilahimnuhnettlu*, *lekandahnettlu* sem hefur þol gegn mörgum lyfjum, MRSA og iðrabaktería sem mynda karbapenemasa.

Örverufræði hefur gegnt mikilvægu hlutverki í viðbrögðum ESB-landa við ebólafaraldrinum í Vestur-Afríku. Eitt meginmarkmiðanna í viðbrögðum í ESB var að heilbrigðisfyrvöld í öllum aðildarríkjum hefðu

aðgang að rannsóknarstofum sem gætu greint ebólu á nákvæman og öruggan hátt. Örverufræðingar ECDC unnu að því að uppfylla þetta markmið og deilda upplýsingum um góðar venjur við prófun í samstarfi við QUANDHIP-netið, sem er rekið með fjármögnun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Eins og undanfarin ár skipulögðu rannsóknarstofunet tengd ECDC og sjúkdómaáætlun miðstöðvarinnar áætlanir um ytra gæðamat til að meta getu rannsóknarstofa til að greina helstu einkenni sýkla og lyfjaþols. Ytra gæðamat er einatt á meðal þeirra þátta sem samstarfsaðilar miðstöðvarinnar telja skapa mest virði innan ESB.


Antimicrobial resistance in Europe



Each year, 30 EU/EEA countries report data on antimicrobial resistance to the European Antimicrobial Resistance Surveillance Network (EARS-Net), hosted at ECDC.

- Aminopenicillins
- Aminoglycosides
- Carbapenems
- Ceftazidime
- Fluoroquinolones
- Meticillin
- Third-generation cephalosporins
- Vancomycin
- Combined resistance to fluoroquinolones, third-generation cephalosporins and aminoglycosides


- Five-year increase in resistance (2009 to 2013)
- Five-year decrease in resistance (2009 to 2013)



Dagur vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu

18. nóvember er Dagur vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu, sem hefur fest sig kyrfilega í sessi síðastliðin átta ár. Átakið er skipulagt af ECDC til að vekja athygli á mikilvægi ábyrgrar notkunar sýklalyfja. ECDC veitir löndum um víða Evrópu stuðning til að auka vitund um sýklalyf á þessum degi og dögnum í kringum hann með því að veita pakka með lykilskilaboðum og sniðmát fyrir kynningarefni sem má aðlaga og nota við kynningu í hverju landi fyrir sig, á ESB-viðburðum og sem efni fyrir fjölmiðla og til áætlanagerðar.

Fleiri en 40 lönd tóku þátt í Degi vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu árið 2014. Evrópskar Twitter-umræður þann 18. nóvember tengdu notendur um allan heim með stuðningi samstarfsaðila í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Sífellt fleiri rannsóknir benda til þols gegn sýklalyfjum og greint var frá mikilli breytingu í skýrslu ECDC fyrir árið 2014 um þol gegn sýkingalyfjum og notkunar sýkingalyf samkvæmt gögnum innan ESB.




Evrópskar Twitter-umræður þann 18. nóvember tengdu notendur um allan heim, með stuðningi samstarfsaðila í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi, með myllumerkinu #AntibioticDay



Veggspjald, Dagur vitundarvakningar um sýklalyf í Evrópu 2014

Measles is more contagious than you think

Measles is an acute, highly contagious viral disease capable of producing epidemics. It is very infectious and spreads easily among unvaccinated people. A person with measles infects an average of 12 to 18 previously uninfected people. Vaccination is the best way to protect yourself and others against measles.



Source: Plotkin S, Orenstein W, Offit P. Vaccines.

Mislingar: Átak að útrýmingu

Tveir skammtar af bóluefni gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt veita nánast algjöra vörn gegn mislingum. Ef 95% íbúa hafa fullt ónæmi kemur það í veg fyrir að veiran dreifi sér.

Flest lönd innan Evrópusambandsins hafa ekki náð þessu markmiði og því kemur mislingafaraldur enn upp öðru hverju.

ECDC veitir aðildarríkjum Evrópusambandsins nú sem fyrr stuðning við að útrýma mislingum í Evrópu. Í apríl 2014 birti ECDC sérstaka skýrslu um innleiðingu aðgerðaáætlunar ECDC varðandi mislinga og rauða hunda, þar sem teknar voru saman niðurstöður úr ýmsum átökum ECDC árin 2012 og 2013 og kynnt var ný greining á því hvers vegna ESB hefur ekki náðst að útrýma mislingum enn sem komið er. Útgangspunktur skýrslunnar var að aðildarríki ESB hafi allt sem þarf til að útrýma mislingum og rauðum hundum en að þau þurfi að grípa til samstilltra og langvarandi aðgerða.

Eftirlit ECDC með sjúkdómum sem fyrirbyggja má með bóluefni fékk mikinn liðstyrk árið 2014 þegar þrjú sjúkdomaeftirlitskerfi voru sameinuð í eitt (EUVac.Net; European Invasive Bacterial Diseases Surveillance Network og European Diphtheria Surveillance Network).

Vefgátt ESB um bólusetningar og töl með tímasetningum bólusetninga voru sem fyrr á meðal vinsælustu hluta vefsvæðis ECDC.



Bólusetning er besta vörnin gegn mislingum. Vefból hjálpar til við að vinna tímasetningar bólusetninga í Evrópu



Staðreyndir og skáldskapur, æsifréttamennska og vísindalegar niðurstöður: Gabriel Wikström, heilbrigðisráðherra Svíþjóðar, heimsótti ECDC þegar ebólufaraldurinn var í hámarki. Á bak við tjöldin veittu almannatenglar ECDC blaðamönnum og fjölmiðlafólki fréttir og upplýsingar með ítarlegu yfirliti yfir viðbrögð ESB við ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku.

Samskipti skipta máli

Árið 2014 birti ECDC alls 209 vísindarit. Allt útgefið efni fer í gegnum skipulagt ritstjórnarferli sem tryggir að upplýsingar sem birtar eru af ECDC uppfylli fræðilegar kröfur og séu auk þess upplýsandi fyrir helstu lesendur þeirra.

ECDC hefur undanfarin ár skapað sér sterka viðveru á netinu og er einnig virkt á Twitter, Facebook og YouTube. Árið 2014 var nýjum hluta með gögnum og tölum bætt við vefgátt ECDC, þar á meðal *yfirliti yfir smitsjúkdóma*. Yfirlitstólið, sem hleypt var af stokkunum á miðju ári 2014, veitir notendum gagnvirkann aðgang að miðlægum eftirlitsgögnum ESB um ífarandi *flensublóðfíkil*, ífarandi heila- og mænuhimnubólgu og berkla.

ECDC veitti blaðamönnum afbragðsþjónustu allt árið en þó sérstaklega eftir fyrsta ebólusmitið í Evrópu í október 2014. Miðstöðin vann einnig náið


með framkvæmdastjórn og heilbrigðisöryggisnefnd Evrópusambandsins, þar á meðal með samskiptaneti ECDC, að því að samræma upplýsingagjöf innan ESB.

Árið 2012 fékk *Eurosurveillance* sinn fyrsta áhrifastuðul. Áhrifastuðullinn var 4,65 árið 2014, sem setti *Eurosurveillance* í flokk 10 áhrifamestu rita á sviði smitsjúkdóma. Í flokkun SCImago var ritið efsta fjórðungi í fjórum flokkum (almennt um lyf, veirufræði, lýðheilsa og heilbrigði í umhverfi og starfi). Mælikvarði Google Scholar sýndi einnig jákvæða niðurstöðu fyrir *Eurosurveillance* þar sem ritið var í fjórða sæti rita á sviði faraldsfræða og tíunda sæti á sviði smitsjúkdóma.

ECDC leggur einnig mikla áherslu á að veita löndum stuðning við viðbúnað. Í viðbúnaði felst að samræma aðgerðir sem koma að skipulagningu og mati á heilbrigðisþjónustu í aðildarríkjunum. Viðbúnaður lands getur verið allt frá forvarnarstarfi (það er að

Mynd 3

Staðsetning heilsugæslustöðva sem meðhöndla kynsjúkdóma^a í (i) greiningarhlutfall lekanda^b samkvæmt breskri LSOA-flokkun (e. lower super output area) árið 2013 og (ii) vísir yfir fátækt frá 2010^c eftir LSOA og grunneiningum á sveitarstjórnarstigi, London




Mynd úr grein Eurosurveillance um eftirlit með dreifingu kynsjúkdóma.

Savage E, Mohammed H, Leong G, Duffell S, Hughes G. Improving surveillance of sexually transmitted infections using mandatory electronic clinical reporting: the genitourinary medicine clinic activity dataset, England, 2009 til 2013. *Euro Surveill.* 2014;19(48)


hvetja til bólusetninga) til neyðarviðbúnaðar í tilfelli alvarlegs faralds. Stuðningurinn er veittur með því að leggja fram matsverkfæri, veita vísindalega leiðsögn og miðla upplýsingum reynslu og bestu venjur. Gott dæmi um aðgerðir ECDC á þessu sviði er staðfæring leiðbeininganna *Let's talk about protection* frá ECDC, sem hjálpar heimilislæknum að ræða um bólusetningar við foreldra.

ECDC í stuttu máli

Hjá ECDC störfuðu 277 manns í fullu starfi við lok árs 2014. 182 störfuðu tímabundið, 92 störfuðu samkvæmt sérstökum samningi og þrír sérfræðingar frá aðildarlöndum veittu tímabundna ráðgjöf. Hjá miðstöðinni starfar fólk frá öllum aðildarríkjum ESB nema Lúxemborg og Króatíu.




Hjá miðstöðinni starfar fólk frá öllum aðildarríkjum ESB nema Lúxemborg og Króatíu



Hlutfall og landafræðileg skipting starfsfólks ECDC (starfsfólk á sérstökum samningi og starfsfólk ráðið tímabundið), eftir aðildarríkjum, 31. desember 2014

Fjárhagsáætlun ECDC

Alls
€60 484 000



Athugið: Aðeins helstu flokkar eru birtir

Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC)

Póstfang:
ECDC, SE-171 83 Stockholm, SVÍÐJÓÐ

Aðsetur:
Tomtebodavägen 11a, Solna, SVÍÐJÓÐ

Sími: +46 858601000
Fax: +46 858601001
<http://www.ecdc.europa.eu>

Stofnun Evrópusambandsins
<http://www.europa.eu>

